



Apríl 2015

Fréttir úr skóla– og frístundastarfi



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

FORMÁLSDÖÐ FORMANNS

Ávarp Skúla Helgasonar, formanns skóla– og frístundaráðs.

[Sjá meira](#)

MÁLÖRVUN Í KÓRASTARFI

Efla má málvitund leikskólabarna í kórsöng og búa þannig í hagin fyrir lestur og lesskilning. [Sjá meira](#)

OPINSKÁTT UM OFBELDI

Hvernig ræðum við um ofbeldi við börn? Skólafólk í Vesturbæ fær fræðslu um það. [Sjá meira](#)

ÞARFASTI ÞJÓNINN Í SÉRKENNSLU

Í Kelduskóla er hestamennska leið til að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda með sérþarfir. [Sjá meira](#)

NÁMSLEIKIR Á VEFNUM

Paxel123.com býður upp á ýmsa leiki sem örva læsi í móðurmáli og stærðfræði. [Sjá meira](#)

AÐSTOÐ Á PÓLSKU

Pólskumælandi foreldrar geta nú fengið stuðning á sínu móðurmáli þegar kemur að námi og leikskólagöngu barna þeirra. [Sjá meira](#)

HEIMURINN ER HÉR

Ný stefna um fjölmennningarlegt skóla– og frístundastarf hefur tekið gildi [Sjá meira](#)

MENNINGARMÓT Á NETINU

Á menningarmótum verður til margvísleg þekking. Efnismikil vefsíða um verkefnið hefur verið opnuð. [Sjá meira](#)

MÖTUNEYTISÞJÓNUSTAN FÆR VIÐURKENNINGU

Nýtt verkefni um næringarútreiknaða matseðla og örútboð þykir til eftirbreytni. [Sjá meira.](#)

UNGLINGALÝÐRÆÐI SKAPAR MEIRI SAMHELDNI

Í Þróttheimum er rík áhersla á unglingalýðræði og að nemendur skipuleggi sjálfir félagsstarfið. [Sjá meira](#)

NÝ STARFSSKRÁ FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Kynntu þér fjölbreytt gildi og markmið frístundastarfs barna og ungmenna. [Sjá meira](#)

SKÓLASLIT OG SUMARSTARF

Skólaslit verða í flestum grunnskólum borgarinnar 10. júní. [Sjá meira](#)



METNAÐARFULL STEFNA Í LÆSISMÁLUM

Eitt af forgangsmálum nýs meirihluta skóla- og frístundaráðs er að auka stuðning við börn í lestrarvanda enda er góð lestrarkunnátta nauðsynleg undirstaða frekara náms. Fagráð sem sett var á fót síðastliðið haust hefur nú skilað merkingum tillögum um aðgerðir til að efla málþroska og bæta lestrarfærni og lesskilning og hafa þær verið kynntar fagfólki í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum á samráðsfundum í öllum hverfum borgarinnar. Nú munum við forgangsraða tillögunum og hefja innleiðingu þeirra strax í haust. Áherslan verður á aukið samstarf fagaðila, snemmtæka íhlutun og markvissari stuðning við lestrarkennslu m.a. í formi kennsluráðgjafar, faglegs stuðnings við kennara á vettvangi og úrræða til að bæta frammistöðu barna sem eiga í lestrarerfiðleikum.



Skúli Helgason,
formaður skóla- og frístundaráðs

Virkt tvítyngi

Sá hópur sem stendur einna höllustum fæti í íslensku skólakerfi eru börn af erlendum uppruna og það er verk að vinna að tryggja þeim sömu þjónustu og innfæddum börnum. Mikil þörf er á aukinni íslenskukennslu fyrir þessi börn sem og kennslu og þjálfun í móðurmáli þeirra. Starfshópur undir stjórn Sabine Leskopf varaborgarfulltrúa hefur skilað af sér tillögum um hvernig megi efla móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna og er megináhersla hans á virkt tvítyngi, þ.e. að byggja upp samhliða kunnáttu og færni í notkun íslensku og móðurmáls viðkomandi barna.

Eflum lýðræði í skóla- og frístundastarfi

Það er stefna okkar að auka bein áhrif barna og ungmenna á skóla- og frístundastarf í borginni enda trúum við því að aukið sjálfræði og valfrelsi barna og ungmenna hafi jákvæð áhrif á vellíðan þeirra og frammistöðu. Starfshópur um nemendamiðað skólastarf vinnur nú að tillögum í þessa veru og bindum við miklar vonir við þetta verkefni því frumkvæði og sköpunarkraftur barna og ungmenna í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar sýnir okkur svart á hvítu að þau eru tilbúin og vel treystandi til að axla meiri ábyrgð á innihaldi og framvindu eigin náms og frístundastarfs. Sömuleiðis er unnið að því að auka aðgang barna og ungmenna að verk-, tækni- og listnámi í leikskólum og grunnskólum og má vænta aðgerða í því efni með haustinu.

Systkinatillit

Nýlega var bætt þjónusta við foreldra sem eru með systkini á leik- og grunnskólaaldri með því að tekinn var upp systkinaafsláttur þvert á skólastig, þannig að foreldrar með eitt barn á leikskóla og annað í frístundastarfi fá nú systkinaafslátt. Þetta skref hefur lækkað verulega kostnað viðkomandi foreldra. Jafnframt er nú unnið að tillögum um systkinatillit varðandi innritun í leikskóla og er að vænta niðurstöðu í því máli í vor.



Í skóla- og frístundaráði sitja Skúli Helgason, Líf Magneudóttir, Sabine Leskopf, Kjartan Magnússon, Ragnar Hansson, Marta Guðjónsdóttir og Jóna Björg Sætran.

MÁLÖRVUN Í KÓRASTARFI

Að syngja í kór er reynsla sem barn býr að alla ævi. Á þeirri vitneskju byggir skemmtilegt þróunarverkefni í leikskólanum Miðborg þar sem engilfagar barnaraddir fá að óma einu sinni í viku þegar elstu börnin koma saman og syngja í Öldungakórnum.

Mörg barnanna í Miðborg eiga annað móðurmál en íslensku en kórastarfið miðar m.a. að því að efla mál- og hljóðkerfisvitund þeirra til að auðvelda þeim málskilning og lestur síðar á skólagöngunni. Þá læra börnin að umgangast hvert annað af virðingu, vinna saman í hóp og koma fram fyrir áhorfendur.



„Málörvun í söng er afar mikilvæg fyrir börnin,“ segir Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri. „Þeim finnst gaman að vinna með söngtexta, hrynjandi og rím og textinn vekur með þeim ýmis hughrif.“ Kristín segir að augljós árangur hafi náðst, börnin læri flóknari orð og orðasambönd og tvítyngdu börnin sýni meiri vilja og virkni í að tala íslensku. Þannig byggir kórastarfið brýr milli menningarheima og sameini barnahópin.

Kórastarfið er orðinn fastur liður í daglegu starfi barnanna í Miðborg. Því fylgir gleði og tilhlökkun, enda fara börnin á milli starfsstöðva til að eiga samverustundir með jafnöldrum sínum, en leikskólinn Miðborg starfar á þremur stöðum. Mörg barnanna í Miðborg fara svo í sama grunnskóla þegar leikskólanum lýkur og búa þá að því að hafa myndað vinatengsl og þar með stækkað stuðningsnet sitt.

Rannsóknir sýna að allt að fimmtungur íslenskra barna á í vandræðum með lestur. Leikskólinn gegnir því mikilvægu hlutverki í læsiskennslu. Málmeðvitund og hljóðkerfisvitund þroska börn með sér fyrir sex ára aldur, en hvorttveggja hefur hvað mest forspárgildi fyrir gengi í lestrarnámi síðar á skólagöngunni. Í tónlistinni má efla færni í að sundurgreina tóna, hrynn, blæbrigði og fleira til að þjálfra málskynjun þeirra.

OPINSKÁTT UM OFBELDI

Í Grandaskóla, leikskólanum Gullborg og frístundaheimilinu Undrlandi í Vesturbæ er unnið að þróunarverkefni þar sem kennarar og annað starfsfólk hefur fengið markvissa fræðslu um hvernig best er að ræða við börn og ungmenni um ofbeldi.

Verkefnið miðar að því að skapa öruggt andrúmsloft til að ræða á opinskáan hátt um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi, áhrif þess á börn og vekja athygli þeirra á forvörnum, inngripi og úrræðum.



Markmiðið er að börnin viti hvað ofbeldi er, eftir því sem hæfir þroska þeirra, og að þeim þyki sjálfsagt að leita sér aðstoðar ef þau eru beitt ofbeldi eða vita um einhvern sem býr við ofbeldi.

Nú á vormisserinu er ætlunin að nýta nýja handbók fyrir starfsfólk um hlutverk skóla þegar ljóst þykir að börn hafi verið beitt ofbeldi. Þá er einnig í bígerð að hanna veggspjald sem nýst geti börnum, ungmennum og kennurum í þessari mikilvægu vinnu. Verkefnið er liður í aðgerðaáætlun borgarinnar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.

[Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum](#)

[Ofbeldi gegn börnum. Handbók um hlutverk skóla.](#)

ÁNÆGJA MEÐ FRÍSTUNDAHEIMILIN

92% foreldra telja að barninu þeirra líði vel á frístundaheimilinu og 80% telja viðfangsefni frístundaheimilanna áhugaverð. Þetta kemur fram í viðhorfsskönnun meðal 2.000 foreldra barna á frístundaheimilum. Í könnuninni var í fyrsta sinn spurt um mikilvægi fagmenntunar starfsfólks frístundaheimila og má segja að flestir foreldrar hafi talið mikilvægt að forstöðumenn hefðu fagmenntun í tómtunda- og félagsmálafræði eða 93%. Um 70% foreldra vildu að annað starfsfólk hefði slíka menntun.

ÞARFASTI ÞJÓNNINN GÓÐUR Í SÉRKENNSLUNNI

Áhugavert þróunarverkefni í sérkennslu fór af stað í Keldu-skóla haustið 2012 sem miðar að því að efla sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda með því að kenna þeim að umgangast hesta af öryggi og óttaleysi.

Verkefnið, sem Herdís K. Brynjólfsdóttir sérkennari leiðir, hefur fengið styrk úr Sprotasjóði menntamálaráðuneytisins og hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs.

Herdís segir að þetta sé leiðtoga- og samskiptanámskeið fyrir börn á aldrinum 10 – 13 ára.

„Börnin fá verkefni sem þau leysa með aðstoð hestanna, verkefni sem styrkja samskipta- og félagsfærni þeirra og bæta framkomu þeirra. Þeim er kennt að bera ábyrgð á gerðum sínum og taka tillit til annarra. Jafnframt er mikilvægt að þau finni fyrir vellíðan með hestinum úti í íslenskri náttúru og læri að bera virðingu fyrir umhverfinu, sjálfum sér og öðrum. Að þykja vænt um lífið. Svo fylgir hestamennskunni oftast andleg uppörvun og upplýfting.“

Herdís segir að verkefnið hafi skilað mælanlegum árangri með betri líðan og þar með betri árangri í námi. Einnig séu foreldrar ánægðir með árangurinn eins og ummæli þeirra bera með sér:

„Það er eitthvað sem breytist hjá syni mínum þegar hann er í hestunum. Hann hlakkar til og finnur styrk sinn - sérstaklega núna þegar hann er að aðstoða yngri nemendur. Hann verður bara svakalega ánægður með sig og gaman að sjá hann blómstra. Mesti munurinn er sá að hann kemur uppveðraður heim úr skólanum í staðinn fyrir að vera hundpreyttur og dapur.“



VERÐLAUNAVEFUR MEÐ SKEMMTILEGUM NÁMSLEIKJUM

Paxel123.com er skemmtilegur námsleikjavefur fyrir eldri börnin í leikskólanum og yngstu grunnskólabörnin. Vefurinn er á níu tungumálum og býður upp á ýmsa leiki sem örva læsi í móðurmáli og stærðfræði. Einnig henta leikirnir sem ítarefni fyrir börn með sérþarfir, s.s. börn með annað móðurmál en íslensku. Leikjunum fylgja skemmtileg verkefnablöð sem hægt er að prenta út og láta börnin spreyta sig á.

Leikjavefurinn hefur verið mikið notaður í leik- og grunnskólum og þá sérstaklega í Danmörku en þaðan koma flestir notendanna. 20.000-60.000 leikir eru spilaðir mánaðarlega.



Viðbót við Paxel123 er svokallað „Gerð sjálf-læsi“ með ýmsum viðfangsefnum sem tengjast læsi. Þessi viðbót er hluti af þróunarverkefni leikskólans Nóaborgar, 2. bekkjar í Háteigsskóla og 3.-4. bekkinga á frístundaheimilinu Halastjörnunni. Krakkarnir munu m.a. útbúa spil, setja inn uppskriftir að borðspilum og vinna með rím með það að markmiði að gera rímleik fyrir spjaldtölvu.

Á alþjóðlega netöryggisdaginn 2014 vann paxel123.com til fyrstu verðlauna fyrir besta barnaefnið á netinu í Evrópu. Leikjavefurinn hefur einnig unnið til fyrstu verðlauna í samkeppni sem SAFT á Íslandi stóð fyrir. Eigandi vefsins og höfundur efnis er Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri í Nóaborg.

TUNGUMÁLASTUÐNINGUR FYRIR PÓLSKUMÆLANDI LEIKSKÓLABÖRN

Magdalena Elísabet Andrésdóttir hefur verið ráðin til starfa hjá skóla- og frístundasviði til að veita pólskumælandi leikskólabörnum stuðning. Hún mun hafa aðsetur í leikskólanum Miðborg. Starf hennar byggir á tilraunaverkefni sem hófst í leikskólum borgarinnar á árinu 2012 og hefur vakið mikla ánægju starfsfólks og pólskumælandi foreldra.

Pólskumælandi foreldrar geta nú fengið stuðning á sínu móðurmáli þegar kemur að námi og leikskólagöngu barna þeirra, hvort heldur í upphafi eða síðar. Markmiðið er að auðvelda samskipti pólskumælandi barna og foreldra annars vegar og íslenskumælandi starfsfólks og barna hins vegar, veita foreldrum fræðslu og upplýsingar um leikskólastarfið og miðla mikilvægum þáttum í móðurmáli, menningu og bakgrunni barna og fjölskyldna til leikskólastarfsfólks.

Stuðningur, ráðgjöf eða farkennsla af svipuðu tagi er vel þekkt á Norðurlöndum en ein af tillögum starfsþóps um innleiðingu nýrrar stefnu SFS í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi kvað á um að fjölga tungumálaleiðbeinendum/farkennurum.

Langstærsti hópur barna með annað móðurmál en íslensku í leikskólum borgarinnar er pólskumælandi.

HEIMURINN ER HÉR

Ný stefna um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, hefur tekið gildi og er að fara í kynningu meðal stjórnenda skóla- og frístundastarfs. Hún byggir á þremur stöðum:

- Fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum
- Íslensku sem annað mál og virku tvítyngi
- Foreldrasamstarfi

Í stefnunni eru nokkrar stiklur með hugmyndum og fræðilegu og hagnýtu ítarefni. Á næstu misserum verða haldnir fræðslufundir um stefnuna fyrir alla stjórnendur á skóla- og frístundasviði, hverfisfundir fyrir fulltrúa leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva og boðið upp á fræðslu um ýmis málefni sem tengjast markmiðum stefnunnar. [Heimurinn er hér](#). Sjá einnig www.allirmed.is.



FARKENRARAR KENNA TVÍTYNGDUM NEMENDUM MÓÐURMÁLID

Tveir tvítyngdir farkennarar verða ráðnir til að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku í reykvískum grunnskólum. Það er liður í tilraunaverkefni til tveggja ára sem miðar að því að styrkja námsstöðu þeirra nemenda sem ekki hafa náð fullum tókum á íslensku. Skóla- og frístundaráð samþykkti tillögu um verkefnið á fundi sínum 15. apríl og fer það af stað næsta haust. Hlutverk kennaranna verður annars vegar að kenna móðurmál nemendanna og hins vegar að vinna sem tvítyngdir fagkennarar. Sjá [frétt á vef Reykjavíkurborgar](#).

MENNINGARMÓT Á NETINU

Kristín R. Vilhjálmisdóttir, kennari og verkefnastjóri fjölmennningar, hefur sett saman efnismikinn vef um verkefnið [Menningarmót](#) þar sem finna má margvíslegar upplýsingar um hvernig nota má þá vinnuaðferð í kennslu og skólastarfi. Nokkrir grunnskólar hafa þegar innleitt menningarmót sem fastan lið í fagstarfinu.

Meðal markmiða menningarmóta er að þátttakendur geri sér ljóst að fjölbreytt menning, áhugasvið og ólík tungumál mynda mikilvægt menningarlegt litróf í samfélaginu öllu. Mótsgestir veita öðrum hlutdeild í þeirri gleði og stolti sem fylgir því að miðla áhugamálum sínum og menningu á skapandi hátt.



MÖTUNEYTISÞJÓNUSTA SKÓLANNA FÆR VIÐURKENNINGU



Reykjavíkurborg fékk í byrjun árs viðurkynningu fyrir nýsköpun með verkefninu *Næringarútreiknaðir matseðlar, örútbóð og matarsóun* sem hafið er í mötuneytum leikskóla og grunnskóla. Viðurkenningin er veitt af fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ.

Verkefnið sem hófst hjá skóla- og frístundasviði haustið 2014 nær til fjögurra mikilvægra þátta; að bæta lýðheilsu barna, stuðla að umhverfisvernd, vinna gegn matarsóun og ná fram hagræðingu í rekstri með það að markmiði að hámarka virði máltíða. Í rökstuðningi valnefndar kom fram að verkefnið væri eitt af stærri heilbrigðisverkefnum þjóðarinnar, en forsenda heilbrigðis væri ekki síst næringarrikur matur fyrir börnin. Enda þótt verkefnið hafi ekki enn verið innleitt í alla skóla í Reykjavík er ljóst að það hefur mjög mikið almannagildi því aðferðafræðin getur nýst öllum mötuneytum hvort sem þau er fyrir börn og ungmenni í skólum eða fullorðið fólk á vinnustöðun landsins.

Sjá [myndband um verðlaunaverkefnið](#).



FRÍÐUR, JAFNRÉTTI, ÁST OG ÖRYGGI

Borgin kraumaði af barna- og unglingamenningu í sumarbyrjun þegar Barnamenningarhátíð var haldin í fimmta sinn. Víða mátti njóta sköpunarverka yngstu borgarbúanna; í orðlist, myndlist, tónlist, dansi og leiklist. Hátíðin bar því gróskumikla starfi, sem fer fram í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar, fagurt vitni. Lag hátíðarinnar bar titilinn **Það sem skiptir mestu máli** og var samið af Sölku Sól og Gnúsa Yones í hljómsveitinni Amabadama. Textinn var saminn upp úr réttindaóskum 4. bekkinga og þar voru orðin friður, jafnrétti, ást og öryggi oftast nefnd.

Hér má hlusta á lagið: [Það sem skiptir mestu máli](#).

Vissir þú að...

... niðurstöður í samræmdum prófum í Reykjavík 2014 voru almennt mjög góðar. Sérstaklega má benda á niðurstöður prófa í 7. bekk þar sem meðaleinkunn í íslensku og stærðfræði var hæst í Reykjavík og um 30% allra reykvískra nemenda fengu háa einkunn samkvæmt flokkun Námsmatsstofnunar. Það er hæsta hlutfall í samanburði á niðurstöðum eftir landshlutum. Bæði strákar og stelpur í Reykjavík áttu hæstu meðaleinkunn þegar bornar voru saman niðurstöður kynja á landinu öllu.

VIRKT UNGLINGALÝÐRÆÐI SKAPAR MEIRI SAMHELDNI

Í félagsmiðstöðinni Þróttheimum taka nemendur virkan þátt í að skipuleggja félagslífið en rík áhersla er lögð á unglíngalýðræði og að virkja alla til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Nemendaráðið er skipað unglingum í 8. 9. og 10. bekk Langholtsskóla og stendur það fyrir nemendafundum og setur sér markmið fyrir félagsstarfið. Allur undirbúningur fyrir viðburði er á forsendum unglinganna og gerist á þeirra hraða.

Fyrir þremur árum var starfsfólki Þróttheima og mörgum unglingum orðið ljóst að kosningar í nemendaráð skóla og félagsmiðstöðvar væru oft á tíðum vinsældakosningar. Margir sem gjarnan vildu starfa í ráðinu þorðu ekki að bjóða sig fram því það krafðist þess m.a. að þeir færu upp á svið og héldu framboðsræðu fyrir skólafélagana. Einnig þótti sýnt að mörg verkefni hvíldu á fáum nemendum í ráðinu, sérstaklega þegar líða fór á veturinn. Því var ákveðið í samstarfi við unglinga og skóla að leggja af kosningar til nemendaráðs en bjóða fremur þeim sem hefðu áhuga á að skipuleggja félagslífið að vera í ráðinu. Enn fremur var ákveðið að deila verkefnum niður á milli nokkurra undirráða, s.s. Þróttheimaráðs, ballráðs og íþróttaráðs.



Hlutverk nemendaráðsins

- * Skipuleggja félagslíf nemenda skólans svo sem böll og aðra viðburði.
- * Halda utan um stærri viðburði og móta dagskrá félagsmiðstöðvarinnar.
- * Virkja skólafélaga og fá þá til að mæta á viðburði.
- * Hlusta eftir hugmyndum skólafélaga sinna og miðla þeim áfram.
- * Vera sýnileg í skólanum og félagsmiðstöðinni.
- * Sitja fundi og námskeið fyrir nemendaráð.
- * Sitja í nefndum fyrir nemendaráðið, skólann og Þróttheima

Á hverju hausti er haldinn stórfundur í nemendaráðinu þar sem allir nemendur eru boðaðir og hefur mæting jafnan verið góð. Þá eru haldnir svokallaðir millistórfundir þar sem ýmis málefni er brenna á unglingum eru rædd, s.s. tilnefningar og kosningar í skólaráð, klæðareglur SAMFÉS og tilnefningar og kosning á Landsmót SAMFÉS. Á stórfundi að vori er starfsárið svo gert upp til að reynslan nýtist á því næsta.

Starfsfólkið í Þróttheimum og Langholtsskóla segir að virk þátttaka unglinganna í nemendaráðinu hafi skapað meiri samheldni meðal þeirra. Meiri blöndun sé á milli árganga og eldri nemendur taki vel á móti 8. bekkjum og leggi áherslu á að þeim líði vel í félagsmiðstöðinni. Framlag unglinganna spari líka tíma hjá starfsfólki sem geti á móti einbeitt sér að sjálfri kjarnastarfseminni. Það helsta sem mætti betur fara í lýðræðisstarfinu er að fá fleiri stráka til starfa, en stelpur hafi jafnan verið fleiri í nemendaráðinu og sýni almennt meiri áhuga á félagsstarfinu.

FORELDRAVEFUR

Áhugi og hvatning foreldra hefur mest áhrif til góðs á nám og líðan barna í skóla- og frístundastarfi. Virk hlutdeild foreldra og gott samstarf þeirra við starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er grunnur að farsælli skólagöngu. Á foreldravefnum www.reykjavik.is/foreldrar eru margvíslegar upplýsingar fyrir foreldra um leiðir til að styðja við barnið sitt í skóla- og frístundastarfi.

STARFSSKRÁ FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA KOMIN ÚT

Í nýrri starfsskrá er fjallað er um gildi og lykilmæðniþætti í frístundastarfinu. Starfsskráin er kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðvanna. Hún veitir einnig leikmönnum innsýn í það fjölbreytta starf sem frístundamiðstöðvar standa fyrir.

[Starfsskrá frístundamiðstöðva 2015.](#) Sjá [flettiútgáfu](#).



STERKARI LEIÐTOGAR

Rösklega 500 stjórnendur í leikskólum og í frístundastarfi hafa á síðustu árum sótt svokallaðan *Leiðtoga-skóla*. Þar fá þeir margs konar stjórnendapjálfun sem miðar að því að efla þá í starfi og skapa þeim vettvang til að ræða starfið og leiðtogahlutverkið. Leiðtogaskólinn samanstendur af fimm námskeiðum sem dreift er yfir nokkra mánuði og viðfangsefnið hafa m.a. verið stjórnunarstílar, þátttökustjórnun og endurgjöf og er áhersla lögð á óformlegar kennsluaförðir, hópastarf og umræður.

Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsráðgjafi hjá skóla- og frístundasviði, hefur haldið utan um Leiðtoga-skólann og verið leiðbeinandi þar, en margir gestafyrirlesarar koma að þessu námi, s.s. Eypór Eðvarðsson, Ingrid Kuhlman og Þórhildur Þórhallsdóttir frá Þekkingarmiðlun og Frímánn Sigurðsson verkefnastjóri og markþjálfari.

TVÆR UNGLINGASÖGUR FENGU BARNABÓKAVERÐLAUNIN

Tvær unglingasögur fengu á síðasta vetrardag barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs; *Hafnfirðingabrandarinn* eftir Bryndísi Björgvinsdóttur var valin besta frumsamda bókin.

Eleanor og Park var valin best þýdda barnabókin en Birgitta Elín Hassel og Marta Hlín Magnadóttir sneru þeirri sögu eftir bandaríska rithöfundinn Rainbow Rowell. Í báðum bókum er fjallað um sígild stef í lífi unglunga með leiftrandi stílgáfu, hlýju og húmor. Barnabókaverðlaunin þjóna þeim tilgangi að vekja athygli á gildi góðra bókmennta í uppeldisstarfi og á metnaðarfullri útgáfu barnabóka.



SKÓLASLIT Í GRUNNSKÓLUM OG SUMARSTARF

Skólaslit verða í flestum grunnskólum borgarinnar 10. júní. Sama dag eru starfsdagar á frístundaheimilum borgarinnar. Sumarfrístundastarfið fyrir börn sem eru að klára 1.- 4. bekk hefst 11. júní og þá fara einnig að hefjast sumarsmiðjur fyrir 10-12 ára börn og sumarstarf félagsmiðstöðvanna fyrir 13-16 ára.

Upplýsingar um sumarstarf fyrir börnin í borginni verða á www.fristund.is frá og með 27. apríl. Þann dag hefst skráning í sumarfrístund fyrir 6-9 ára og skráning í smiðjurnar fyrir 10-12 ára hefst 18. maí.

Grunnskólarnir verða settir að nýju mánudaginn 24. ágúst.

Gleðilegt sumar!



Fréttabréfið er gefið út af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, s. 411 1111
www.skolarogfristund.is
sfs@reykjavik.is